



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson,
skipulagsfræðingur
Skúlatúni 2
105 Reykjavík

☎ Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 30. júlí 2007
UST20070400152/ksj

Endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur

Við er til erindis Reykjavíkurborgar dagsett 11. júlí síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skýrsluna "Áfangaskýrsla 1. Verkefnisáætlun-verkefnislýsing 27. júní 2007". Með erindinu fylgdi einnig til kynningar "Umhverfismat Tillaga að matslýsingu 27.06.2007".

Báðar eru skýrslurnar fyrsti þáttur endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur, þar sem farið er yfir helstu áhersluatriði vinnunnar, vinnufyrirkomulag og verkáætlun.

Umhverfisstofnun hvetur Reykjavíkurborg til að standa við megintilgang umhverfismats skipulagsáætlunarinnar sem er orðaður svo í grein 3.6 í áfangaskýrslu 1:

"Megintilgangur umhverfismats áætlunarinnar er að tryggja að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða- auk hagrænna og félagslegra sjónarmiða sem oft vilja verða ríkjandi í skipulagsáætlunum. Lögð er áhersla á að umhverfismatið verði nýtt til að styrkja notkun aðalskipulags sem gegnsætt og lifandi stjórnþeki m.a. með því að hafa útdrátt úr umhverfismati í öllum köflum greinargerðarinnar þar sem við á."

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við skýrslurnar að svo komnu máli, en vill koma eftirfarandi á framfæri:

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í mörgum þeim hlutum borgarinnar sem kölluð eru lykilsvæði í skýrslunum, eru svæði á náttúruminjasrá, sbr. grein 3.1.12.a Náttúruverndarsvæði og hverfisvernd í greinargerð með staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.


Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að halda þeim svæðum innan borgarmarkanna


sem eru á náttúruminjasrá óröskuðum. Stofnunin hvetur til þess að við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur verði fylgt eftir þeirri stefnumótun sem fram kemur í kafla um náttúruvernd og útivist í stefnumörkunarritinu "Reykjavík í mótun" ekki síst neðangreindu markmiði: "Reykjavíkurborg beiti sér gegn frekari skerðingu náttúrulegra svæða í borgarlandinu og vinni jafnframt að friðun verðmætra náttúrusvæða í framtíðinni."

Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á 37. grein laga um náttúruvernd, en samkvæmt henni njóta mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, sérstakrar verndar. Af 100 hekturum Vatnsmýrar eru nú aðeins 14 hektarar lítið spillt land og mikilvægt að hafa vatnsbúskap Tjarnarinnar í huga við endurskoðun aðalskipulagsins.

(Samanber fyrirlestur Gísla Más Gíslasonar prófessors: "Vatnsmýrin: Náttúrufar og uppbygging.")

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
forstöðumaður